



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Nefndasvið Alþingis

Ísafjörður, 16. maí 2019  
2019030063 HP

## Efni: Skerðing á framlögum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Eftirfarandi ályktun var gerð á 434. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 21. mars sl. og er hér send sem umsögn Ísafjarðarbæjar um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024, 750. mál.

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna hugmynda fjármálaráðuneytisins um niðurskurð á framlögum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Áhrifin munu koma mest fram á útgjaldajöfnunarframlögum, framlögum sem er ætlað að jafna aðgengi íbúa að lögboðinni þjónustu óháð búsetu. Áhrifin munu síðan leggjast mjög mismunandi á landshluta og einstaka sveitarfélög sem varla getur talist sanngjarnt. Fram kemur í greiningu í minnisblaði Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 14. mars sl., að íbúar á Vestfjörðum munu bera hlutfallslega mestu skerðinguna. Þannig skerðast fjárframlög Jöfnunarsjóðs hundrað sinnum meira á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu.


Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mótmælir harðlega þessum hugmyndum um skerðingu tekna til Jöfnunarsjóðs og krefst þess að leitað verði annarra leiða til að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Óásættanlegt er að fáein og afmörkuð sveitarfélög eða landssvæði taki á sig langstærstan hluta af umræddum niðurskurði.

Sveitarfélög á Vestfjörðum skorast ekki undan þeirri ábyrgð sem felst í ábyrgum rekstri sveitarfélaga eða þátttöku í kostnaði við að þjónusta íbúa þessa lands. Ef ríkisvaldið hefur raunverulega áhyggjur af horfum í efnahagsmálum þá er lausnin bæði einföld og fyrirsjáanleg. Á Vestfjörðum og Austfjörðum hefur verið unnið að atvinnuuppbyggingu sem er fyllilega tilbúin til að fylla í gatið sem hugsanleg niðursveifla í íslensku efnahagslífi mun skilja eftir sig.

Atvinnuuppbygging sem mun í fyllingu tímans taka fram úr íslenskum sjávarútvegi að stærð og umfangi auk þess að vera fjármögnuð án aðkomu ríkisins á nokkurn hátt. Ef Ísland vill fá meira frá Vestfjörðum, þá stendur aukið fiskeldi til boða.“

Umsögn Ísafjarðarbæjar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Hjördís Þráinsdóttir  
- skjalastjóri -